

3. fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðland að Fjallabaki

Fundur var haldinn á Helli 12. júní 2018 kl. 13:15-14:15

Fundarmenn:

Hákon Ásgeirsson, Umhverfisstofnun
Hildur Vésteinsdóttir, Umhverfisstofnun (sem ritaði fundargerð)
Hringur Hilmarsson, Umhverfisstofnun
Kristinn Guðnason, Rangárþingi ytra
Sigurgeir Guðmundsson, Rangárþingi ytra
Þórdís Björt Sigþórsdóttir, Umhverfisstofnun

Dagskrá fundar

- Fulltrúar í samstarfshóp
- Fyrirkomulag og tímasetning opins fundar með samráðsaðilum
- Svæðaskipting
- Önnur mál

Fundarefni

Fulltrúar í samstarfshóp

Umhverfisstofnun lagði til að óskað yrði eftir að fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands með sérþekkingu á jarðminjum myndi starfa með/í hópnum. Jarðminjar svæðisins eru afar merkar og mikilvægt að gera þeim góð skil í verndaráætlun.

Tillagan var samþykkt og fulltrúum Umhverfisstofnunar falið að hafa samband við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Fyrirkomulag og tímasetning opins fundar með samráðsaðilum

Fulltrúar Umhverfisstofnunar lögðu fram tillögu að fyrirkomulagi opins fundar með samráðsaðilum sem var samþykkt. Fyrirkomulag fundarins verður með þeim hætti að það verður kynning á áætluninni, tilgangi og markmið. Að lokinni kynningu verða sett upp vinnuborð með ákveðnum þemum sem tengjast efni áætlunarinnar. Samráðsaðilum mun bjóðast tækifæri til að taka þátt í umræðum um 2-3 þemu sem er stýrt af borðstjórum. Fyrir liggja tillögur að þemum sem verða mótuð betur á næsta fundi samstarfshópsins.

Svæðaskipting

Umræða var um svæðaskiptingu og þær forsendur sem þurfa að vera til grundvallar henni. Lögð var fram tillaga að svæðaskiptingu til að vinna áfram með. Fulltrúar í samstarfshóp munu þróa svæðaskiptinguna frekar í sumar og verður hún tekin aftur fyrir á næsta fundi samstarfshópsins í september.

Önnur mál

Umræða var um þölmörk svæðisins og mikilvægi þess að meta þölmörk Friðlands að Fjallabaki. Fram komu sjónarmið um að ekki skuli opna friðlandið snemma að vori og að heppilegra væri að lengja ferðamannatímann

Fundargerð



UMHVERFISSTOFNUN

fram á haustið. Slíkt væri vel til þess fallið að dreifa álagi á svæðið, ásamt gerð fleiri gönguleiða. Við lengingu ferðamannatímans fram á haust þarf hins vegar að huga mjög vel að öryggismálum og útbúnaði gesta svæðisins.

Ástandsmat sem gert hefur verið gefur einhverja mynd af þolmörkum svæðisins, en niðurstaða þess er að svæðið þolir ekki þann fjölda gesta sem sækir það heim með þeim innviðum sem eru nú til staðar. Þá var einnig rætt um hvort að hægt sé að gera þolmarkarannsókn á Laugaveginum sumarið 2018, en Umhverfisstofnun mun kanna það.

Umræður um hvort að banna ætti tjöldun á ákveðnum svæðum og beina þeim sem ganga með göngutjöld á ákveðin svæði fremur en önnur, og jafnvel byggja upp lágmarks innviði, s.s. kamra, við tjaldstaði. Umhverfisstofnun benti á að æskilegt væri að setja leiðbeiningar sem þessar inn í stjórnunar- og verndaráætlun til að skýra vinnu við leyfisveitingar.